



Þekkingarnet
Þingeyinga

SJÁLFBÆRNIVERKEFNIÐ Á NORÐAUSTURLANDI

Verkefnisáætlun 2019



Janúar 2019

Janúar 2019

Bekkingarnet Þingeyinga

Forsíðumyndir (frá vinstri):

Opnun vefsíðunnar www.gaumur.is Eyjólfur Guðmundsson, rektor HA. Mynd: Bekkingarnet Þingeyinga
Verksmiðja PCC Bakki Silicon ehf. Mynd: Gaukur Hjartarson
Opnun vefsíðunnar www.gaumur.is Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar. Mynd: Bekkingarnet Þingeyinga

Ábyrgð/ritstjórn:
Óli Halldórsson

Framkvæmd:
Helena Eydís Ingólfssdóttir
Óli Halldórsson

Útgáfa 1.0. 31. janúar 2019

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	2
1 SJÁLFBÆRNIVERKEFNIÐ Á NORÐAUSTURLANDI	3
2 VERKÞÆTTIR	4
3 TÍMAÁÆTLUN	12
4 UMFANG OG KOSTNAÐUR	13
5 SAMANTEKT	15

1 SJÁLFBÆRNIVERKEFNIÐ Á NORÐAUSTURLANDI

Hér á eftir birtist verkefnisáætlun Sjálfbærni-verkefnisins á Norðausturlandi **frá 1. janúar til 31. desember 2019** ásamt áætluðum kostnaði vegna reksturs verkefnisins á tímabilinu.

Áætlunin samanstendur af eftirfarandi:

- a. Verkbættir
- b. Tímaáætlun
- c. Umfang og kostnaður
- d. Samantekt

Stýrihópur Sjálfbærni-verkefnisins á Norðausturlandi er skipaður með eftirfarandi hætti:

- Jóhanna Harpa Árnadóttir, Landsvirkjun
- Steinn Ágúst Steinsson, Landsvirkjun
- Engilráð Ósk Einarsdóttir, Landsnet
- Elma Sif Einarsdóttir, PCC Bakki Silicon
- Hjalti Jóhannesson, Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri
- Sigurjón Steinsson, Húsavíkurstofa og Geosea
- Dagbjört Jónsdóttir, Þingeyjarsveit
- Kristján Þór Magnússon, Norðurþing
- Þorsteinn Gunnarsson, Skútustaðahreppi

Landsvirkjun er eigandi verkefnisins og stendur straum af kostnaði við rekstur þess. Aðrir sem tilnefnt hafa fulltrúa í stýrihóp hafa meðal annars lagt fram vinnu, ferðakostnað vegna fulltrúa sinna og fundarstaði og er það metið sem framlag þeirra til verkefnisins og þróunar þess.

Þekkingarnet Þingeyinga (ÞÞ) hefur farið með verkefnisstjórn. Innan Þekkingarnetsins starfar þriggja manna teymi Sjálfbærni-verkefnisins, skipað Helenu Eydísi Ingólfssdóttur, verkefnisstjóra Sjálfbærni-verkefnisins, Óla Halldórssyni, forstöðumanni ÞÞ og Grétu Bergrúnu Jóhannessdóttur, verkefnisstjóra hjá ÞÞ.


Segja má að verkefnið hafi slitið barnsskónum og sé komið á legg. Næstu eðlilegu skref við vinnuna við verkefnið er því reglubundin vöktun og uppfærsla á gögnum vegna vísa verkefnisins auk þess að þýða það verkefnið yfir á ensku. Stefnt er að því að þýða vefinn og setja upp enska útgáfu hans á fyrri hluta ársins 2019. Megin þungi vinnunnar á árinu 2019 mun að öðru leyti hverfast um gagnaöflun vegna vísanna, úrvinnslu og birtingu gagna tengdum þeim ásamt þýðingu vefsins og uppsetningu hans á ensku. Þá verður kynningastarf aukið á vettvangi fjölmiðla og með heimsóknnum til þeirra sem kunna að hafa áhuga á verkefninu og hag af því að nýta sér gögn þess.

2 VERKÞÆTTIR

2.1 FORSENDUR

Forsendur og helstu verkþættir Sjálfbærni-verkefnisins á Norðausturlandi árið 2019 eru eftirfarandi:

- Beinni þróunarvinnu og mótun verkefnisins er lokið.
- Áframhaldandi gagnasöfnun og vöktun vísa vegna vísa verkefnisins.
- Þýðing vefs, gagna vegna vísa og uppsetning vefsins á ensku.
- Birting gagna, fréttu og upplýsinga á vef verkefnisins.
- Kynning á verkefninu heima í héraði og utan þess.
- Stýrihópsfundir og fyrsti ársfundur verkefnisins.



Mynd 1. Verkþættir 1. janúar-31. desember 2019.

Í verkefnisáætlun 2019 eru skilgreindir eftirfarandi verkþættir: Stýrihópsfundur, ársfundur, vöktun, vefsíða verkefnis, kynning, aðkeypt þjónusta, skýrslur og áfangaskil og almenn umsýsla og stjórnun. Verkþættirnir eru nánar skilgreindir hér á eftir, það er hvað þeir innihalda og hvernig er áformað að vinna að þeim.

2.2 STÝRIHÓPSFUNDIR

Stýrihópur verkefnisins mun áfram gegna lykilhlutverki nú þegar vinnu við þróun og mótun verkefnisins er lokið. Hópurinn hefur fram til þessa verið verkefninu afar mikilvægur við ákvarðanatöku um framvindu þess, hvort sem það hefur tengst vísu verkefnisins eða því ferli sem unnið var eftir við þróun þess. Stýrihópurinn mun fylgjast með birtingu gagna og hafa áhrif á breytingar tengdar vísu verkefnisins, til að mynda hvort bæta eigi við mælikvörðum og birta fleiri gögn tengd tilteknum vísi eða jafnvel bæta við vísu, fella út eða breyta þeim. Stýrihópurinn mun hafa áhrif á áframhaldandi þróun og framvindu verkefnisins hér eftir sem hingað til.

Á árinu 2019 er gert ráð fyrir tveimur stýrihópsfundum, fyrri fundurinn er áformaður í mars og sá síðari í nóvember. Fyrstu drög að dagskrá þeirra gera ráð fyrir yfirferð á framvindu og stöðu verkefnisins, yfirferð vegna þýðingar vefsins, umræðum um ársfundi áranna 2019 og 2020. Þá verða fundarstaðirnir annars vegar í Skútustaðahreppi og Norðurþingi.

Stýrihópsfundur í mars – Fundarstaður: Skútustaðahreppur

Yfirferð á framgangi og stöðu verkefnis.

Drög að árskýrslu

Þýðing vefs.

Undirbúningur ársfundar Sjálfbærni-verkefnisins á Norðausturlandi 2019.

Stýrihópsfundur í nóvember – Fundarstaður: Norðurþing

Yfirferð á framgangi og stöðu verkefnis.

Tillaga að verkefnis- og kostnaðaráætlun ársins 2019.

Undirbúningur ársfundar Sjálfbærni-verkefnisins á Norðausturlandi 2020.

Til fundanna verður boðað með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Lögð verður áhersla á að ná þátttöku allra fulltrúa sem tilnefndir eru í stýrihópinn.

Stýrihópsfundir fara alltaf fram á miðsvæði þ.e. megin áhrifasvæði verkefnisins og til skiptis innan sveitarfélaganna þriggja sem eiga aðild að verkefninu.

2.3 ÁRSFUNDUR VERKEFNISINS

Ársfundur verkefnisins er mikilvægur vettvangur til að vekja athygli á verkefninu og þeim afurðum sem verða til innan þess. Fyrsti ársfundur verkefnisins var haldinn í maí árið 2018. Fundurinn var haldinn á Fosshótel Húsavík og var verkefninu formlega hleypt úr vör á þeim fundi með opnun vefsíðunnar www.gaumur.is. Lagt er til að 2. ársfundur verkefnisins verði haldinn í maí og tekið verði fyrir eitthvert tiltekið þema. Til umfjöllunar á stýrihópsfundi í nóvember 2018 voru þrjár hugmyndir ræddar:

- Umhverfisvísar verkefnisins – rýni faghópsmeðlima/gesta
- Efnahagsvísar verkefnisins – rýni faghópsmeðlima/gesta
- Tenging við jarðfræðiráðstefnu sem haldin verður 21.-24. maí nk.

Til ársfundarins verða boðaðir sveitastjórnarfulltrúar, skólafólk, fólk úr atvinnulífinu, fólk úr fræðasamfélaginu, fólk úr faghópum verkefnisins ásamt fulltrúum fjölmiðla.

Tillaga að dagskrá (sem stýrihópur tekur ákvörðun um á næsta fundi sínum í mars):

- Faghópur (umhverfis / efnahags) – rýni vísana / erindi tengt jarðskjálftum/jarðhita
- Faghópur (umhverfis / efnahags) – rýni vísana / erindi tengt jarðskjálftum/jarðhita
- Innlegg frá fyrirtækjum (Landsvirkjun, Landsnet, PCC Bakki Silicon)
- Umræður.

Á stýrihópsfundi 15. nóvember síðastliðinn var það tillaga stýrihópsins að reyna að ná samstarfi við undirbúningshóp jarðfræðiráðstefnu sem haldin verður á Húsavík 21.-24. maí nk. og tengja þessa tvo viðburði saman, ráðstefnuna og ársfund Sjálfbærni-verkefnisins.

2.4 VÖKTUN

Vísar Sjálfbærni- og Væðingarsviðsins á Norðausturlandi eru kjarni verkefnisins. Mælikvarðar þeirra afmarka þá þætti sem fylgst er með á megin vöktunarsvæði verkefnisins, svokölluðu miðsvæði, og með hvaða hætti vöktun þeirra fer fram. Þeir vísar sem liggja til grundvallar vöktuninni útheimta fæstir sérstakan aukakostnað við gagnaöflun þar sem gögnin eru aðgengileg hjá opinberum aðilum líkt og Hagstofu Íslands, Ríkisskattstjóra og Ríkislögreglustjóra. Nokkrir vísar eru þó þess eðlis að til að fá tölfræðilega marktæk gögn sem ná yfir vöktunarsvæðið eingöngu þarf að kaupa sérkeyrslu á gögnum. Gerð er grein fyrir kostnaði vegna þessa í kostnaðaráætlun. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna gagnakaupa haldist óbreyttur og að áfram muni þurfa að kaupa sum gögn vegna verkefnisins. Sumt verður keypt árlega en annað sjaldnar eða allt að á 5 ára fresti. Ekki er reiknað með sérstarkri vinnu við kostnaðargreiningu vegna kaupa á gögnum á árinu 2019 nema að komi til breytingar á verkefninu, vísun þess, eignaraðild eða annað sem kann að kalla á endurskoðun á vísun. Þá er heldur ekki gert ráð fyrir sérstakri hækkun á verði vegna gagnakaupa þar sem enn eru í gildi sömu gjaldskrár hjá þeim aðilum sem gögnin eru keypt af.

Vöktun felur í sér að gagna er aflað hjá opinberum aðilum. Unnið er úr gögnunum og þau sett fram með skýrum og aðgengilegum hætti, þannig að þau gefi sem skýrasta mynd af þróun mála og geti nýst til að mynda í skólastarfi, fyrir almenning til upplýsingar og fyrir fræðimenn sem hluti af rannsóknum eða tilefni til ritunar fræðigreina. Þegar unnið hefur verið úr gögnunum og þau eru orðin hæf til birtingar eru þau gerð aðgengileg á vef verkefnisins. Hafa ber í huga að ekki eru allir vísar vaktaðir árlega og því ekki birtar jafn títt um þá nýjar upplýsingar. Einnig ber að hafa í huga að gögn vegna vísa eru birt á mismunandi tímum. Þannig eru t.d. gögn vegna fasteignamats birt í júní og því hægt að birta gögn næsta árs á eftir í byrjun júní á meðan gögn fyrir lýðfræði síðasta árs liggja að hluta til fyrir í mars og því ekki hægt að birta gögn um íbúafjölda næsta árs á undan fyrr en eftir miðjan mars.

Framsetning gagna er með þeim hætti sem lýst er á vef verkefnisins við hvern og einn vísi. Gögn eru birt t.d. með myndritum og töflum. Myndrit eru almennt unninn í sérstakri viðbót, Highcharts, sem keypt var við vefsíðugrunninn en töflur öllu jöfnu unnar í excel.

Upplýsingar vegna vísa eru færðar inn á heimasíðu um leið og þær liggja fyrir og unnið hefur verið úr þeim. Á vef verkefnisins er birtingaráætlun sem gefur til kynna hvenær gagna vegna tiltekinna vísa er að vænta. Þar eru áætlaðar tímasetningar birtingar og þeim lýst á einfaldan hátt. Hér að neðan er heildar yfirlit yfir áform um birtingu. Yfirlitið er birt hér með þeim fyrirvara um að gögn séu aðgengileg á þeim tíma sem vant er. Þar sem sumir vísar hafa fleiri en einn mælikvarða koma þeir oftast en einu sinni fyrir í áætluninni. Þá eru einnig dæmi um vísa sem hafa mælikvarða þar sem hægt er að birta gögn tíðar en einu sinni á ári. Þeir koma þá oftast fyrir í áætluninni þess vegna. Að lokum eru vísar þar sem gögn eru birt sjaldnar en einu sinni á ári. Þeir eru settir fram í birtingaráætlun það ár sem gögn um þá eru aðgengileg. Sjá frekari skýringar í töflu 2 hér á eftir.

Tafla 1. Birtingaráætlun vísa árið 2019.

Tími	Vísir	Mælingar
Janúar	Vísir 1.3	Kynjahlutfall – Landsvirkjun og PCC Bakki Silicon
	Vísir 1.4	Fjöldi starfa við löggæslu – Akureyri – Húsavík – Þórshöfn

	<i>Vísir 1.7</i>	Fjöldi bíla við Kröflu og Peistareyki
	<i>Vísir 2.1</i>	Loftgæði - Bakki
	<i>Vísir 2.7</i>	Fjöldi bifreiða, aldur bifreiða, eyðslugildi, eldsneytisgjafar og útblástursgildi
	<i>Vísir 3.1</i>	Fjöldi starfandi Hlutfall starfandi af vinnuafli Fjöldi atvinnulausra Hlutfall atvinnulausra Samanburður – Ísland, miðsvæði, austursvæði vestursvæði
	<i>Vísir 3.6</i>	Húsaleiga – meðal fermetraverð Húsavík Búseta fasteignaeigenda
Febrúar	<i>Vísir 1.7</i>	Samgöngur á sjó, flutninga- og farþegaskip
	<i>Vísir 2.1</i>	Loftgæði - Bakki
	<i>Vísir 3.2</i>	Fjöldi gistinátta (inni gisting) Fjöldi gistinátta eftir mánuðum Framboð á gistirými eftir mánuðum Nýting gistirýma eftir mánuðum Fjöldi gistinátta á miðsvæði í samanburði við Ísland Meðalnýting gistirýma á ári – samanburður miðsvæði, Ísland Fjöldi gistinátta á tjaldsvæðum
Mars	<i>Vísir 1.1.</i>	Þróun íbúafjölda á Húsavík Íbúafjöldi á miðsvæði Hlutfallsleg breyting á íbúafjölda – samanburður miðsvæði, Ísland, austursvæði, vestursvæðia Vísitala íbúafjölda Mannfjöldapróun – pýramídi fyrir tvö ár með 5 ára millibili – svæði – miðsvæði, Ísland, austursvæði, vestursvæði
	<i>Vísir 1.5</i>	Hlutfall örorkulífeyrisþega – samanburður miðsvæði, Ísland Aldursdreifing örorkulífeyrisþega Kynjahlutfall örorkulífeyrisþega
	<i>Vísir 2.1</i>	Loftgæði – Bakki, virkjanir Losun gróðurhúsalofttegunda – Bakki, virkjanir
	<i>Vísir 2.2</i>	Jafngildishljóðstig á Bakka, Peistareykjum, Kröflu og Bjarnarflagi
Apríl	<i>Vísir 2.1</i>	Loftgæði - Bakki
	<i>Vísir 2.4</i>	Vatnsból og dreifikerfi vatns á Húsavík, þéttbýli á Laugum og þéttbýli Reykjahlíð Grunnvatn
	<i>Vísir 2.5</i>	Upplýsingar um massatöku í kg/s (ktonn/ári), þrýsting í börum/tími og þrýstifall á svæði í börum
	<i>Vísir 2.7</i>	Magn sorps og ferill þess, heildarmagn úrgangs pr. íbúa í tilteknum flokkum, sbr. endurvinnsla, eyðing (urðun eða brennsla) og lífrænt Saurmengun yfirborðsvatns vegna holræsaútrása
	<i>Vísir 3.2</i>	Tegundir og fjöldi búfænaðar Fjöldi búa eftir tegundum

Mái	Vísir 1.7	Meðal umferð á dag á völdum leiðum á miðsvæði Hlutfall flugfarþega af heildarfarþegafjölda í innanlandsflugi
	Vísir 2.1	Loftgæði - Bakki
Júní	Vísir 1.1	Ríkisfang – íslenskt-erlent Þjóðerni – 4 fjölmennustu þjóðernin Uppruni íbúa með erlent ríkisfang eftir svæðum Aðfluttir umfram brottflutta samanburður miðsvæði, Ísland, vestursvæði, austursvæði
	Vísir 1.2	Meðaltekjur íbúa - samanburður miðsvæði, Ísland, austursvæði, vestursvæði
	Vísir 1.3	Kynjahlutfall í sveitastjórnum á miðsvæði Kynjahlutfall í fastanefndum sveitarfélaga á miðsvæði
	Vísir 2.1	Loftgæði - Bakki
	Vísir 3.1	Fjöldi starfandi Hlutfall starfandi af vinnuafli Fjöldi atvinnulausra Hlutfall atvinnulausra Samanburður – Ísland, miðsvæði, austursvæði vestursvæði
	Vísir 3.6	Heildarmat fasteigna Fasteignamat íbúðarhúsnæðis Fasteignamat atvinnuhúsnæðis
Júlí	Vísir 2.1	Loftgæði - Bakki
Ágúst	Vísir 1.2	Lágtekjumörk – einstaklingar, fjölskyldur
	Vísir 2.1	Loftgæði - Bakki
	Vísir 3.3	Eignir fyrirtækja Skuldir fyrirtækja
	Vísir 3.5	Eignir íbúa Skuldir íbúa
September	Vísir 1.4	Fjöldi afbrota – samanburður miðsvæði, Ísland
	Vísir 2.1	Loftgæði - Bakki
Október	Vísir 2.1	Loftgæði - Bakki
	Vísir 3.4	Eignir sveitarfélaga á miðsvæði Skuldir sveitarfélaga á miðsvæði Skuldahlutfall sveitarfélaga á miðsvæði
Nóvember	Vísir 2.1	Loftgæði - Bakki
Desember	Vísir 2.1	Loftgæði - Bakki
	Vísir 2.2	Jafngildishljóðstig á Bakka, Þeistareykjum, Kröflu og Bjarnarflagi
	Vísir 2.6	Bjarnarflag - útbreiðsla sjaldgæfra háhitaplantna Þekja gróðurtegunda í reitum Uppsöfnun þungmálma í plöntum Þéttaleiki mófugla á völdum talningarstöðum

		Niðurstöður vetrarfuglatalningar - fjöldi fugla á km strandar Fjöldi vatnafugla á og við Mývatn og á öðrum votlendissvæðum í Þingeyjarsýslu - stofnviðtölur og ungaframleiðsla Ástand mýflugustofna Mývatns og Laxár (fjöldi algengustu tegunda) Breytingar á útbreiðslu kúluskíts
--	--	---

Tafla 2. Yfirlit yfir birtingar, samatekið eftir mánuðum.

Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mái	Júní	Júlí	Ágúst	Sept	Okt	Nóv	Des
V 1.3	V 1.7	V 1.1.	V 2.1	V 1.7	V 1.1	V 2.1	V 1.2	V 1.4	V 2.1	V 2.1	V 2.1
V 1.4	V 3.2	V 1.5	V 2.4	V 2.1	V 1.2		V 2.1	V 2.1	V 3.4		V 2.2
V 1.7		V 2.1	V 2.5		V 1.3		V 3.3				V 2.6
V 2.1		V 2.1	V 2.7		V 2.1		V 3.5				
V 2.7		V 2.2	V 3.2		V 3.1						
V 3.1					V 3.6						
V 3.6											

Vísar sem ekki eru birtar upplýsingar um árlega

V 1.5 – gagnaöflun, úrvinnsla og birting af tímasetningu kosninga hverju sinni.

V 1.6 - hluti gagna birtur á 4 ára fresti - ekki tímasett á mánuði, hluti óreglulega enn sem komið er og ekki tímasett á mánuði

V 2.3 - gagnaöflun á 6 ára fresti - ekki tímasett á mánuði

V 2.7 - mælingar á saurgerlamengun í sjó vegna eru ekki framkvæmdar reglulega

2.5 VEFSÍÐA

Vefsíða Sjálfbærni- og umhverfisráðgjafarinnar á Norðausturlandi var hönnuð og smíðuð á árinu 2017. Vefsíðan var hönnuð af Stefnu sem einnig er þjónustuaðili við síðuna og kemur að lagfæringum og annarri umsýslu vegna vefsins. Vefslóðin er www.gaumur.is en lénið www.gaum.is var einnig keypt og flytur notendur á vefinn.

Vefsíða verkefnisins er helsta verkfæri verkefnastjórnar, eigenda og aðila að stýrihópi til þess að miðla upplýsingum um verkefnið og niðurstöðum þeirra mælinga sem verkefnið fylgist með. Horft er til þess að á vefnum sé hægt að fá yfirsýn yfir verkefnið í heild. Vefurinn verður uppfærður með reglubundnum hætti m.a. í samræmi við birtingaráætlun sem sett er fram um áramót hvert sinn. Auk þess verða birtar fréttir á vefnum, fróðleikur um sjálfbæra þróun, fréttir sem tengjast samstarfsaðilum sem tilnefnt hafa fulltrúa í stýrihóp og tengjast verkefninu með einum eða öðrum hætti.

Markmiðið er að vefur verkefnisins muni verða uppfærður 2-4 sinnum í mánuði með nýjum gögnum vegna vísa, fréttum eða fróðleik. Þá verði komið á farvegi til að koma fréttum vefsins í almenna umferð t.d. áskrift af uppfærslum vefsins og/eða markpóstsendingar á tiltekna hópa.

Fram til þessa hefur vefur Sjálfbærni- og umhverfisráðgjafarinnar einungis verið á íslensku. Nú þegar verkefnið er komið í reglubundinn rekstur og eiginlegri þróunarvinnu við upphaf verkefnis sem þessa er lokið er tímabært að huga að þýðingu þess yfir á ensku. Grunnur þess er að gera breytingar á vefumsjónarkerfinu en byrja þarf á að afrita allt efni vefsins og búa til svæði fyrir enskan hluta vefsins. Jafnframt þarf að afrita allar myndir þannig að ef skipt er um mynd í íslensku útgáfunni hafi það ekki áhrif á ensku útgáfuna, myndir detti út þar og engin mynd birtist í þeim hluta vefsins. Þá þarf að afrita öll myndrit til þýðingar. Skv. mati frá Stefnu er áætlað er að vinna við

breytingar á vefkerfinu taki 6-8 klst. Fyrir liggur kostnaðarmat frá Stefnu en ekki bindandi tilboð.

Þegar þessari grunnvinnu hefur verið lokið er hægt að þýða vefinn. Þýða þarf allan texta vefsins yfir á ensku, hvort sem er um að ræða „hnappa“ eða texta á síðum og í frumskjölum sem tengjast vísnum. Ekki er komið bindandi tilboð í vinnuna enda ræðst hún af orðafjölda á vefnum og kostnaði pr. orð auk þess sem veittur er afsláttur þegar orð koma endurtekið fyrir. Í kostnaðaráætlun hefur verið lagt mat á orðafjölda og stuðst er við verðhugmynd frá tveimur löggiltum þýðendum. Áætlað er að kostnaður við þýðingu geti verið um 25-55 kr. pr. orð. Báða þessa verkþætti þarf að kaupa af utanaðkomandi aðilum. Speglnun vefsins og tæknivinna færri fram hjá Stefnu sem sér um vefkerfi vefsins og en þýðingarvinna fer fram hjá þýðanda.

2.6 KYNNING Á VERKEFNI

Eiganda verkefnisins sem og stýrihópi þess hefur frá upphafi verið mikið í mun að þau gögn sem verða til í verkefninu komi samfélaginu að gagni. Í verkefninu er fylgst með breytingum á samfélags-, umhverfis- og efnahagslegum þáttum og í þeim gögnum sem þar liggja felast gríðarleg verðmæti fyrir íbúa, skóla, fyrirtæki og stofnanir bæði innan áhrifasvæðis og utan. Gögnin geta verið uppspretta ýmissa verkefna innan skólakerfisins sem og rannsókna og fræðigreina fyrir rannsakendur. Þau geta beint sjónum einkaaðila að tækifærum til nýbreytni í atvinnulífi og opinberir aðilar munu geta nýtt sem grundvöll ákvarðanatöku í hinum ýmsu málum verkefnið þar sem gögn geta gefið vísbendingar um hvar er þörf fyrir að bregðast við, draga úr, bæta eða auka þjónustu, byggja upp innviði eða lagfæra eitthvað sem aflaga hefur farið. Verkefnisstjóri mun efla kynningarvinnu á komandi ári. Þar með talið koma reglulegum fréttum úr vöktun með uppfærslu vísa á framfæri þar sem við á. Haldið verður áfram kynningum til fræða- og háskólasamfélagsins sem og á vettvangi sveitarfélaga á svæðinu. Þá verður lögð áhersla á kynningar á vettvangi fjölmiðla til að mynda staðbundinna miðla eins og 640.is, 641.is, Skarpur, Víkurblaðið og N4.

2.7 AÐKEYPT ÞJÓNUSTA

Utan vinnu verkefnisstjórnar er gert ráð fyrir aðkeyptri þjónustu vegna eftirfarandi þátta á árinu 2019:

- Kostnaður vegna vefsíðu, hýsingar, rekstrar og speglunar/afritunar vefs vegna þýðingar yfir á ensku.
- Þýðing á vef og gögnum yfir á ensku.
- Kaup á gögnum, sérvinnsla vegna megin áhrifasvæðis.
- Ferðir verkefnastjóra vegna kynninga og samstarfs.
- Ferðir meðlima stýrihóps vegna stýrihópsfunda.

Aðkeypt þjónusta er útlistuð nánar í kostnaðaráætlun ársins.

2.8 ÁRSKÝRSLA OG STARFSÁÆTLUN

Á árinu 2019 þegar verkefnið er komið í reglubundinn rekstur verður í fyrsta skipti gefin út ársskýrsla verkefnisins. Í henni verður verkefnum ársins á undan gerð skil ásamt því að tekið verður saman yfirlit yfir helstu breytingar tengdar mælingum á vísnum verkefnisins. Ársskýrslan

verður gefin út í tengslum við ársfund verkefnisins en drög að henni verða lögð fyrir stýrihóp á stýrihópsfund í mars.

Síðari hluta ársins verður unnin starfsáætlun fyrir árið 2020 sem lögð verður fyrir stýrihópsfund í nóvember. Þar verður lögð fram kostnaðaráætlun og minnisblað þar sem fram koma skýringar á áætluninni ásamt helstu verkþáttum og áherslum í starfi.

2.9 ALMENN UMSÝSLA OG STJÓRNUN

Almenn umsýsla felur í sér samskipti, samráð og samstarf við meðal annars stýrihóp, tengilið Landsvirkjunar og teymisvinnu meðal starfsmanna umsjónaraðila sem fer með verkefnisstjórn ásamt stjórnun og utanumhaldi með framgangi verkefnisins.

Gert er ráð fyrir reglubundnum samskiptum við tengilið Landsvirkjunar ásamt því að gert er ráð fyrir að innanhúss teymi umsjónaraðila hafi reglubundið samráð og samstarf sín á milli um framvindu og framgang verkefnisins.

3 TÍMAÁÆTLUN

Tímaáætlunin hér að neðan sýnir með hvaða hætti tíma verður varið í vinnu vegna verkefnisins og hvenær unnið er að hverjum verkþætti. Gögnin eru einnig sett fram í stærri töflu í kafla 4 þar sem greint er frá kostnaði. Verkþættirnir og innihald þeirra ásamt því hvernig verður unnið að þeim hefur þegar verið lýst hér að framan.

Tafla 3. Tímaáætlun vegna vinnu á árinu 2019.

	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des	
Vöktun	54	25	47	47	26	54	8	40	25	26	22	37	
Almenn umsýsla og stjórnun	5	10	5	10	5	5	5	5	5	10	10	5	5
Ársfundur		8			7								
Stýrihópsfundir			10								10		
Þýðing		4	4										
Áfangar	10	20								10			
Aðkeypt þjónusta*	24,5	42	48,4	10,5	10,5	10,5	10,5	10,5	10,5	17,5	9,5	9,5	

*Aðkeypt þjónusta er sett fram sem tímaeining.

4 UMFANG OG KOSTNAÐUR

4.1 FORSENDUR

Forsendur fyrir umfangi og kostnaði við Sjálfbærni-verkefnið á Norðausturlandi og rekstur þess byggja á eftirfarandi þáttum.

- Gagnaöflun og úrvinnsla gagna.
- Vefsíða og rekstur vefsíðu.
- Kostnaður við aðkeypt gögn.
- Þýðing vefs.
- Afritun vefs vegna þýðingar.
- Kynning á verkefninu.

ÁÆTLUN 2019												
Verkefnisvinna/umsjónaraðili	Jan	Feb	Mars	Apríl	Mai	Júní	Júlí	Ágúst	Sept	Okt	Nóv	Des
Vöktun												
Gagnaöflun	22	10	19	19	10	22	3	16	10	10	9	15
Úrvinnsla og framsetning gagna	32	15	28	28	16	32	5	24	15	16	13	22
Almenn umsýsla og stjórnun												
Samráð, samskipti	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2
Verkstjórn vegna þýðinga		4	4									
Kynning verkefnis		5		5					5	5		
Fréttir og samfélagsmiðlar	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3
Stýrihópsfundir			10								10	
Ársfundur		8			7							
Áfangar												
Árskýrsla	10	20								10		
Starfáætlun												
Samtals umsjónaraðili tímar/mán	69	67	66	57	38	59	13	45	35	46	37	42
Umsjónaraðili uppsafnað	69	136	202	259	297	356	369	414	449	495	532	574
Aðkeypt þjónusta*												
Stýrihópur												
Ferðakostnaður-stýrihópur			2							2		
Ferðakostnaður-verkefnisstjóri			5							5		
Aðkeypt rannsóknþjónusta												
Sérkeyrslur gagna vegna miðsvæðis	7	7	7	7	7	7	7	7	7	7	6	6
Vefsíða												
Speglun vefsíðu vegna þýðingar	13											
Þýðing vefsíðu		30	30									
Auglýsingar á samfélagsmiðlum	0,5	1	1	0,5	0,5	0,5	0,5	0,5	0,5	0,5	0,5	0,5
Hönnun og önnur þjónusta	R	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2
Vefumsjónarkerfi	2	2	1,4	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Samtals aðkeypt í mánuði	22,5	42	48,4	10,5	10,5	10,5	10,5	10,5	10,5	17,5	9,5	9,5
Aðkeypt þjónusta uppsafnað	22,5	64,5	112,9	123,4	133,9	144,4	154,9	165,4	175,9	193,4	202,9	212,4

Tölur varðandi þýðingu á vefsíðu og speglun vefsíðu vegna þýðingar byggja á verðmati frá annars vegar löggiltum þýðendum og hins vegar Stefnu sem þjónustar vef verkefnisins. Fastra tilboða verður leitað þegar ákvörðun hefur verið tekin um þýðinguna og tímasetningu hennar.

4.2 KOSTNAÐUR

Kostnaði eru gerð sérstaklega skil í kostnaðaráætlun verkefnisins.

5 SAMANTEKT

Við lok árs 2019 er gert ráð fyrir að eftirfarandi þáttum sem fjallað hefur verið um í 2. kafla verkefnisáætlunarinnar verði lokið:

- Gagna sem aðgengileg eru vegna ársins 2018 hafi verið aflað, unnið úr þeim og þau birt.
- Vefsíða verkefnisins hafi verið afrituð og þýdd yfir á ensku.
- Haldnir hafir verið 2 stýrihópsfundir, annar á mars og hinn í nóvember.
- Haldinn hafi verið annar ársfundur verkefnisins.
- Gerð hafi verið verkefnis- og kostnaðaráætlun vegna ársins 2020 og hún lögð fyrir stýrihóp og eiganda.
- Gerð hafi verið ársskýrsla verkefnisins fyrir árið 2019.
- Kynning á verkefninu hafi farið fram í í fræðasamfélagi, í sveitarfélögum og staðbundnum fjölmiðlum á Norðurlandi eystra.